

Ísafirði 19 maí 2017.

Byggingjafulltrúi Ísafjarðarbæjar.

b/t Umhverfis- og framkvæmdanefnd.

**Efni:** Umsókn um stöðuleyfi fyrir aðstöðu á Mávagarði.

**Fylgigögn:** Umsókn um stöðuleyfi og afstöðumynd af svæðinu sem um ræðir.

Undirritaður fyrir hönd **Amazing Westfjords ehf. kt: 561214-1310**, sækir um stöðuleyfi fyrir gám sem verður notaður sem aðstaða fyrir farþega sem fara með farþegabátnum Ölver ÍS 38. Eins og ykkur er kunnugt þá verður hann gerður út frá Ísafirði í sumar nánar til tekið frá Olsen bryggju þar sem verið er að útbúa aðstöðu fyrir bátinn.

Ég reikna með að gámurinn verði ekki nema fram á haustið að þessu sinni. Ef að það verður góð reynsla á þessum rekstri þá er komin ný staða og við komum til með að ræða við ykkur um áframhald á þessari staðsetningu fyrir aðstöðu okkar.

Jafnframt óska ég eftir því að fá að tengja skólplögn frá aðstöðunni inn á niðurfallslögn sem liggur þarna rétt við og rennur í sjó fram af Olímúla.

  
Ragnar Ágúst Kristinsson  
Stjórnarformaður  
Amazing Westfjords ehf